



Maí 2026



Sviðslistastefna 2026-2030

Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Útgefandi:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Sviðslistastefna

Maí 2026

mnh.is

mnh@mnh.is

Umbrot og textavinnsla:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

©2026 Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

ISBN [Færa inn ISBN-númer]

1. Samantekt

Stefna þessi var unnin í menningar- og viðskiptaráðuneytinu árið 2023-2024 í viðtæku samráði við vettvang sviðslista, þar með talið dans, leiklist, óperu, sirkus og brúðuleikhús. Með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar og nýs ráðuneytis var aðgerðaráætlunin uppfærð og endurskoðuð innan menningar- nýsköpunar og háskólaráðuneyti haustið 2025 og fram til byrjun árs 2026. Fjármögnun var endurskoðuð og aðgerðir uppfærðar meðal annars með tilliti til nýstofnaðrar óperu, áætlana um viðbyggingu við Þjóðleikhúsið og áherslu nýs ráðherra.

Stefnan inniheldur framtíðarsýn og markmið sviðslista til ársins 2030 auk aðgerða sem er liður í að ná tilsettum markmiðum.

Mikilvægt er að almenn sátt sé um þá stefnu sem mörkuð er í málefnum sviðslista og að stjórnvöld hafi sem besta innsýn inn í ólík sjónarmið. Með birtingu í samráðsgátt gefst tækifæri til enn breiðara samráðs og því er hér kallað eftir umsögnum um innihald, áherslur og aðgerðir sem lagðar eru til í þessum drögum. Í framhaldinu verður unnið úr þeim ábendingum sem berast og lokaútgáfa stefnunnar lögð fram.

2. Samráð

Stefna þessi er unnin í viðtæku samráði við vettvang sviðslista, þar með talið dans, leiklist, ópera, sirkus og brúðuleikhús. Undirbúningur hófst síðla árs 2022 og formleg samtöl við ráðuneyti menningar og viðskipta hófust í janúar 2023. Fulltrúar helstu hagaðila voru kallaðir til fundar áður en starfshópur var skipaður. Haustið 2023 var skipaður 10 manna starfshópur með fulltrúum frá helstu hagaðilum sviðslista og vann sá starfshópur að sviðslistastefnu. Fulltrúar eftirfarandi hagaðila skipuðu starfshópinn; Sviðslistasambands Íslands, Samtaka atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist, Samráðsvettvangs fagfélaga innan Sviðslistasambands Íslands, SL-Bandalags sjálfstæðra leikhúsa, Þjóðaróperu, Sviðslistamiðstöðvar auk sérfræðings ráðuneytisins sem aðstoðaði hópinn. Starfshópurinn fundaði reglulega frá hausti 2023, ef frá er talið sumarfrí, og voru fundir hópsins að jafnaði vikulega. Haldnir voru 13 samráðsfundir með öllum helstu haghöfum í nóvember 2023 þar sem sömu spurningar voru lagðar fyrir viðmælendur á öllum fundum. Bjarni Snæbjörn Jónsson, sérfræðingur í stefnumótun, var fenginn til að skipuleggja þessa rýnifundi í samvinnu við starfshópinn og vinna samantekt úr niðurstöðum þeirra. Óformlegir fundir voru haldnir með hagsmunaaðilum, til viðbótar við þessa rýnifundi þegar ástæða þótti til. Opinn samráðsfundur var síðan haldinn í Þjóðleikhúskjallaranum í desember 2023 og leiddi Bjarni Snæbjörn Jónsson þá vinnu ásamt starfshópi. Markmið starfshóps var að gera skynsamlega stefnu á grunni þessa viðtæka samráðs og aðgerðaráætlun þar sem ekki væru byggðar skýjaborgir heldur sett fram raunhæf markmið og aðgerðir.

3. Efnisyfirlit

1. Samantekt.....	4
2. Samráð	5
3. Efnisyfirlit.....	6
4. Inngangur.....	8
5. Meginmarkmið	10
6. Á Íslandi er fjölbreytt og auðug sviðslistamenning sem byggir á traustum stöðum.	11
6.1 Sviðslistastofnanir eru burðarstólpar sviðslista á Íslandi.....	11
6.1.1 Tryggur stuðningur við sviðslistastofnanir ríkisins.....	11
6.1.2 Viðbygging við Þjóðleikhúsið.....	12
6.1.3 Áfram staðinn vörður um Leikfélag Akureyrar.....	12
6.1.4 Möguleg samþætting ríkisstofnana í sviðslistum.....	12
6.2 Sviðslistasjóður er skilvirkur og aðgengilegur fjölbreyttum hópum listafólks	13
6.2.1 Fjármögnun Sviðslistasjóðs aukin í samræmi við aukið hlutverk.....	13
6.2.2 Nýliðunarstyrkir festir í sessi.....	13
6.2.3 Þróunarstyrkir til sjálfstætt starfandi sviðslistafólks.....	13
6.2.4 Gerðir verði langtímasamningar við sviðslistahópa.....	14
6.2.5 Sviðslistahátíðir verði styrktar í gegnum sviðslistasjóð.....	14
6.3 Markviss varðveisla og miðlun sviðslistaarfsins	14
6.3.1 Söfnun og skráning sviðslistaarfsins	14
6.3.2 Miðlun sviðslistaarfsins	15
7. Aðgengi að fjölbreyttri menntun í sviðslistum er tryggt.	16
7.1 Aðgengi að fræðslu og menntun í sviðslistum verði tryggt fyrir nemendur á öllum skólastigum óháð búsetu.....	16
7.1.1 Rekstrargrundvöllur sviðslistaskóla verði tryggður	16
7.1.2 Samstarf sviðslistastofnana við skóla eftl	17

8. Sviðslistir eru sjálfbær og aðlaðandi starfsvettvangur	18
8.1 Greining á starfsumhverfi og nýtingu innviða	18
8.1.1 Rannsókn á starfsumhverfi	18
8.1.2 Sérækt atvinnutryggingakerfi fyrir listafólk verði skoðað innan ráðuneytis.....	18
8.1.3 Kortlagning á sviðslistaaðstöðu á landsbyggðinni	19
8.1.4 Mælaborð sviðslista á Íslandi mótað.....	19
9. Sviðslistir mæta fjölbreyttum áhorfendahópi jafnt innan lands sem utan.....	20
9.1 Fjölbreyttur áhorfendahópur og inngilding.....	20
9.1.1 Áhorfendarannsóknir	20
9.1.2 Lýðfræðilegar upplýsingar um aðstandendur verkefna verði hluti af lokaskýrslu sviðslistahópa til Rannís og ársskýrslu stofnana.	21
9.1.3 Átaksverkefni í aðgengi og inngildingu	21
9.1.4 Ferðasjóður styðji við dreifingu íslenskra sviðslista innanlands.....	21
9.2 Sviðslistir á alþjóðavettvangi.....	22
9.2.1 Ferðastyrkir og alþjóðleg kynning sviðslista.....	22

4. Inngangur

Sviðslistir eru fjölbreyttur og lifandi vettvangur sem sameinar flest listform. Sviðslistir gegna mikilvægu hlutverki við að spegla samfélagið hverju sinni, styrkja og þróa íslenska tungu, vinna með menningararfinn á lifandi hátt og vera í virku samtali við þjóðina. Þær eru gróðurhús mennskunnar og endurspegla fjölbreytileika mannlífsins og tíðaranda. Á tímum samfélagsmiðla og gervigreindar efla sviðslistir lýðheilsu landsmanna því innan þeirra gefst tækifæri til að upplifa nánd og samveru. Sviðslistir eru ein af grunnstoðum þess að Ísland geti talist andlega auðugt menningarsamfélag.

Á Íslandi er rík hefð fyrir leikhúsi og sviðslistir samofnar menningararfi okkar. Þær eiga uppruna sinn í öflugum starfi áhugaleikhússins en urðu vísir að sjálfstæðri atvinnugrein um miðja 20. öld. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og í dag eru sviðslistir atvinnuskapandi og öflug listgrein sem veltir milljörðum króna. Mikil aðsókn á sviðslistaviðburði sýnir vel hversu rótgrónar sviðslistir eru í menningarlífi landsmanna, og er aðsóknin hlutfallslega ein sú hæsta á heimsvísu.

Aðgengi og inngilding á öllum stigum er leiðarstef sviðslistastefnu. Samfélagsgerðin á Íslandi hefur tekið örum breytingum á undanförunum árum og mikilvægt að sviðslistir þróist í takt við það og endurskoði lýðræðislegt hlutverk sitt. Sviðslistir eiga að vera aðgengilegar öllum óháð lífsskoðun, trú, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund, uppruna, húðlit, búsetu, fjárhagslegum- og félagslegum aðstæðum í samræmi við Menningarsókn og landsáætlun stjórnvalda og er þar jafnt aðgengi barna að sviðslistum eitt meginmarkmið.

Jafnræði, fagmennska og gagnsæi er annað leiðarstef í sviðslistastefnu ásamt sjálfbærri þróun samkvæmt heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þessar áherslur leiða af sér heilbrigðara starfsumhverfi, meira starfsöryggi og að sanngirnisjónarmið sé gætt. Sviðslistir á Íslandi treysta á opinberan stuðning til að fá þrífist og nánast ógjörningur er að starfa við fag sviðslista án hans. Sem mikilvæg atvinnugrein þurfa 2 sviðslistir að byggja á traustum grunni og er það hlutverk stjórnvalda að tryggja að meðferð opinberra fjármuna sé gagnsæ, fagleg og á jafnræðisgrundvelli. Alþjóðlegur sýnileiki er forsenda þess að sviðslistir geti vaxið enn frekar. Gæði íslenskra sviðslista standast alþjóðlegan samanburð og

sviðslistafólk frá Íslandi hefur vakið verðskuldaða athygli utan landsteinanna á undanförunum áratugum.

Alþjóðlegt samstarf skapar ný tækifæri í samtali milli ólíkra menningarheima og eykur þannig sköpunarkraft og nýsköpun í listinni. Sviðslistastefna fyrir árin 2026-2030 er með raunhæfum aðgerðum sem stjórnvöld geta sett í framkvæmd á tímabilinu og eru flestar í samræmi við markmið Menningarsóknar. Það er ljóst að innan sviðslista biða stærri úrlausnarefni en þessi stefna nær yfir en um langa hríð hefur verið ákall um danshús, óperuhús og bætta aðstöðu sjálfstæðra sviðslistahópa, en skortur á sýninga- og æfingarýmum hefur verið vaxandi vandamál. Þær forsendur og rannsóknir sem settar eru fram í sviðslistastefnu er jarðvegur fyrir stefnumótun stjórnvalda í þessum verkefnum og grunnur að næsta skrefi í átt að betri aðstöðu sviðslista með þarfir vettvangsins að leiðarljósi.

5. Meginmarkmið

Sviðslistastefna er sett fram í fjórum meginmarkmiðum. Hverju markmiði fylgja undirmarkmið og aðgerðir sem tengjast hverju þeirra:

1. Á Íslandi er fjölbreytt og auðug sviðslistamenning sem byggir á traustum stöðum.
2. Aðgengi að fjölbreyttri menntun í sviðslistum er tryggt.
3. Sviðslistir eru sjálfbær og aðlaðandi starfsvettvangur.
4. Sviðslistir mæta fjölbreyttum áhorfendahópi jafnt innanlands sem utan.

6. Á Íslandi er fjölbreytt og auðug sviðslistamenning sem byggir á traustum stöðum.

Sviðslistir eru órjúfanlegur hluti af menningu þjóðarinnar og almannæign sem auðgar líf landsmanna. Til að efla þetta mikilvæga hlutverk þarf að tryggja sviðslistum fjölbreytt og traust rekstrarskilyrði og öfluga aðstöðu. Stuðningskerfi eiga að stuðla að stöðugum vexti, nýsköpun og samfelli í sviðslistum og vera aðgengileg fjölbreyttum hópi listafólks.

6.1 Sviðslistastofnanir eru burðarstólpar sviðslista á Íslandi

Þjóðleikhúsið er kjölfesta í íslenskum sviðslistum og gegnir mikilvægu hlutverki við uppbyggingu sviðslista hér á landi, Íslenski dansflokkurinn hefur verið miðjan í íslenskum dansheimi og ný ópera mun styrkja stöðu óperulistar. Þessar stofnanir tryggja fagmennsku og framþróun í sviðslistum. Þær eru vettvangur nýsköpunar og standa að fjölbreyttu verkefnavali sem endurspeglar íslenskt samfélag í heild sinni. Mikilvægt er að standa vörð um stöðugleika þessara kjarnastofnana í sviðslistamenningu landsins.

6.1.1 Tryggur stuðningur við sviðslistastofnanir ríkisins

Staðinn verði vörður um kjarnastofnanir í sviðslistum - Íslenska dansflokkinn, Þjóðleikhúsið og óperu - til að tryggja fjölbreytt verkefnaval fyrir fjölbreyttan hóp áhorfenda. Einnig skal uppbygging og viðhald á aðstöðu þessara stofnana tryggt svo þær geti með góðu móti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og nauðsynlegri framþróun í takt við þróun samfélagsins. Ráðuneytið vinni greiningu á uppbyggingarþörf aðstöðu í samstarfi við stofnanirnar.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Tímalína: 2026-áframhaldandi

Kostnaður: skv. fjárlögum

6.1.2 Viðbygging við Þjóðleikhúsið

Undirbúningur að viðbyggingu við Þjóðleikhúsið er hafinn og stefna skal að því að byggingarframkvæmdir hefjist árið 2028 og að byggingin verði opnuð árið 2030. Ný viðbygging mun bæta aðstöðu hvað varðar æfingar, búningageymslu og sýningar og auka aðgengi ólíkra hópa landsmanna að sviðslistum.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti

Tímalína: 2026-

Kostnaður skv. fjárlögum

6.1.3 Áfram staðinn vörður um Leikfélag Akureyrar

Til að viðhalda löngu og faglegu sviðslistastarfi á Akureyri verði, með áframhaldandi fjárstuðningi, staðinn vörður um Leikfélag Akureyrar (Menningarfélag Akureyrar).

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Tímalína: 2026-áframhaldandi

Kostnaður: Samkvæmt Menningarsamningi ráðuneytisins og Akureyrarbæjar.

6.1.4 Möguleg samþætting ríkisstofnana í sviðslistum

Samkvæmt lögum um stofnun óperu nr. 165/2019 skal fylgja eftir þeirri framtíðarsýn sem þar kemur fram um sameiginlega yfirstjórn yfir Þjóðleikhúsinu, óperunni og Íslenska dansflokksnum. Starfshópi með fulltrúum hagaðila verði falið að meta fýsileika sameiginlegrar yfirstjórnar sviðslistastofnana ríkisins, óperu, Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins, með það að markmiði að hámarka listrænan slagkraft og hagkvæmni í starfsemi þeirra en tryggja jafnframt jafnræði á milli listgreina sem hver um sig myndi áfram hafa sinn listræna stjórnanda. Starfshópur meti kosti og galla slíkrar samlegðar og áhrif hennar á sjálfstæðar danslistir. Jafnframt leggi starfshópur fram tillögu að framtíðarsýn greinarinnar og hvernig heildarhagsmunir verði best tryggðir.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðuneyti, hlutaðeigandi stofnanir

Tímalína: Hefst vetur 2026

Kostnaður: Verði metinn síðar

Mælikvarði: Niðurstaða liggi fyrir árið 2027

6.2 Sviðslistasjóður er skilvirkur og aðgengilegur fjölbreyttum hópum listafólks

Sjálfstæðar sviðslistir eru fjölbreyttar og bera uppi stóran hluta þeirra sviðslistaverkefna sem framleidd eru árlega hér á landi, auk þess að vera lykilvettvangur fyrir bæði margreynt sem og nýútskrifað listafólk.

Sviðslistasjóður er grundvöllur starfsemi sjálfstæðra sviðslista. Mikilvægt er að hækka ráðstöfunarfé sjóðsins til að stuðla að fjölbreyttara framboði sviðslista og auknu aðgengi áhorfenda. Um leið verður starfsumhverfi sviðslistafólks faglegra og samkeppnishæfara.

6.2.1 Fjármögnun Sviðslistasjóðs aukin í samræmi við aukið hlutverk

Framlög til sviðslistasjóðs verði aukin í samhengi við áform stjórnvalda um að sameina og endurskoða menningarsjóði og útvíkka hlutverk þeirra. Hækkun verði m.a. forsenda nýliðunar, þróunarstarfs og stöðugleika sem endurspeglast í langtímasamningum við hópa og stuðningi við sviðslistahátíðir. Í því sambandi skal einnig skoða hvort formgera beri samtengingu úthlutunarnefndar launasjóðs sviðslistafólks og sviðslistaráðs sem hefur verið viðhöfð undanfarin ár, enda hefur sú tilhögun styrkt vettvanginn.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti

Tímalína: Frá og með árinu 2026

Kostnaður: Sjóðurinn verði 118 m.kr árið 2026 og stefnt að aukningu fjármagns jafnt og þétt á tímabilinu.

6.2.2 Nýliðunarstyrkir festir í sessi.

Með eflingu sviðslistasjóðs og aukins hlutverks verði tryggt að styrkir til ungs listafólks verði að lágmarki 5% af heildarúthlutun sviðslistasjóðs.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Tímalína: Frá og með endurskoðun sjóðakerfis

Kostnaður: Sjá aðgerð 6.2.1

Mælikvarði: Fjöldi nýliðunarstyrkja

6.2.3 Þróunarstyrkir til sjálfstætt starfandi sviðslistafólks.

Með eflingu sviðslistasjóðs og aukins hlutverks verði, í samráði Sviðslistaráðs og SL-Bandalags sjálfstæðra leikhúsa og sviðslistafólks, innleiddur stuðningur til

verkefna á þróunarstigi, þar með talið til leikritunar. Líta skal til Kvikmyndasjóðs í þessu tilliti.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Tímalína: Frá og með endurskoðun sjóðakerfis

Kostnaður: Sjá aðgerð 6.2.1

Mælikvarði: Fjöldi verkefna á þróunarstigi

6.2.4 Gerðir verði langtímasamningar við sviðslistahópa

Með eflingu sviðslistasjóðs og aukins hlutverks verði langtímasamningar við sviðslistahópa sem hafa starfað í a.m.k fimm ár festir í sessi. Langtímasamningar ásamt starfslaunum verði til þriggja ára sem tryggi þeim lágmarks rekstrarskilyrði.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðuneyti

Tímalína: Frá og með endurskoðun sjóðakerfis

Kostnaður: Sjá aðgerð 6.2.1

Mælikvarði: Fjöldi langtímasamninga

6.2.5 Sviðslistahátíðir verði styrktar í gegnum sviðslistasjóð

Með eflingu sviðslistasjóðs og aukins hlutverks verði sviðslistahátíðum gert kleift að sækja um í sviðslistasjóð.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti

Tímalína: Frá og með endurskoðun sjóðakerfis

Kostnaður: Sjá aðgerð 6.2.1

Mælikvarði: Fjöldi sviðslistahátíða

6.3 Markviss varðveisla og miðlun sviðlistaarfsins

Leikminjasafn varðveitir sviðslistasögu Íslands. Mikilvægt er hlúa betur að starfi þess og gera menningararf íslenskra sviðslista aðgengilegan komandi kynslóðum. Þetta felur í sér söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun sviðslistatengdra gagna, ásamt því að bæta aðgengi að þessum menningararfi.

6.3.1 Söfnun og skráning sviðlistaarfsins

Hafið verði átak við söfnun og skráningu sviðslistaarfsins. Sérstök áhersla verði lögð á gagnasöfnun samkvæmt markmiðum Menningarsóknar um stórsókn í yfirfærslu, varðveislu og aðgengi að menningarefni.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti í samstarfi við Leikminjasafn Íslands, Landsbókasafn og vinafélag Leikminjasafns.

Tímalína: 2029

Kostnaður: verði metinn síðar

6.3.2 Miðlun sviðslistaarfsins

Miðlun sviðslistaarfsins verði efld, m.a. með þróun gagnvirks vefs til að miðla efni til fræðimanna og almennings auk sérstakrar áherslu á miðlun til barna samkvæmt markmiðum Menningarsóknar um stórsókn í yfirfærslu, varðveislu og aðgengi að menningarefni.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og Leikminjasafn Íslands.

Tímalína: 2030

Kostnaður: Verði metinn síðar

7. Aðgengi að fjölbreyttri menntun í sviðslistum er tryggt.

Þátttaka í sviðslistum er í eðli sínu valdeflandi, þar sem hún reynir á mannleg samskipti, tilfinningalæsi, líkams- og rýmisvitund, rödd og tungumálið. Í gegnum sviðslistir fær ungt fólk auk þess tækifæri til sjálfsskoðunar og samvinnu, án milligöngu stafrænna miðla. Á sama tíma og rannsóknir sýna að samkennd sé á undanhaldi meðal ungmenna verður mikilvægi sviðslista enn meira þar sem þær efla tilfinningatengsl og samlíðan.

Brýnt er að fagvettvangur sviðslista styrki tengsl sín við skólakerfið með það að markmiði að rjúfa landfræðilegar og félagslegar hindranir. Þannig má tryggja að öll hafi jafnan aðgang að þeirri ómetanlegu menntun sem sviðslistir hafa upp á að bjóða.

Í síbreytilegum heimi þróunar og tækniframfara er ekki síður mikilvægt að sviðslistafólk og tæknifólk á vettvangi sviðslista hafi greiðan aðgang að námskeiðum og öðrum tækifærum til endurmenntunar og rannsókna.

7.1 Aðgengi að fræðslu og menntun í sviðslistum verði tryggt fyrir nemendum á öllum skólastigum óháð búsetu.

Jafnt aðgengi barna og ungs fólks að sviðslistamenntun er mikilvægt réttlætis- og lýðheilsu-mál. Fjölbreytt fræðsla og menntun í sviðslistum þarf að vera aðgengileg öllum nemendum á grunn- og framhaldsskólastigi óháð búsetu eða bakgrunni. Menntakerfið og sviðslistastofnanir skulu vinna saman að því að rjúfa landfræðilegar og félagslegar hindranir svo ungt fólk fái aðgang að faglegri kennslu í sviðslistum, óháð ytri aðstæðum.

7.1.1 Rekstrargrundvöllur sviðslistaskóla verði tryggður

Komið verði á fót starfshópi fagaðila á vegum menningar-, nýsköpunar og háskólaáðuneytis með sérfræðingum frá mennta- og barnamálaráðuneyti, fagaðilum af vettvangi og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitafélaga. Hlutverk starfshópsins verði að greina stöðu sérskóla í sviðslistum á grunn- og framhaldsskólastigi, þar á meðal dansskóla sem kenna eftir aðalnámsskrá listdansskóla og hugað verði sérstaklega að jafnræði milli þeirra. Hópurinn vinni tillögur að því hvernig tryggja

megi sem best rekstrargrundvöll þeirra og skoði í því samhengi hvort setja þurfi sérstök lög um grunnnám í sviðslistum, líkt og þegar eru til staðar fyrir tónlist. Þá komi hópurinn með tillögur að aðalnámskrá leiklistarskóla barna og ungmenna, líkt og þegar er til staðar fyrir tónlistar- og listdanssskóla. Hafa skal til hliðsjónar tillögur starfshóps á vegum forsætisráðuneytis um samræmda stefnu og lagaumgjörð um einkaskóla sem starfa á framhaldsskólastigi eða á mörkum þess og háskólastigs.

Ábyrgð: Menningar, nýsköpunar og háskólaráðuneytið í samhengi við vinnu starfshóps á vegum forsætisráðuneytis

Tímalína: 2027

Kostnaður: Verði metinn síðar

Mælikvarði: Aðgerðaáætlun um bætta stöðu sérskóla í sviðslistum

7.1.2 Samstarf sviðslistastofnana við skóla eft

Settur verði á fót starfshópur fagaðila á vegum menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Þjóðleikhússins og Listaháskóla Íslands um eflingu sviðslistakennslu á grunn- og framhaldsskólastigi um land allt. Stefnt að auknu samstarfi grunn- og framhaldsskóla við Þjóðleikhús, óperu, Íslenska dansflokkinn og Opna Listaháskólann um aukið námsframboð. Áhersla verði lögð á að leita leiða til þess að auka sviðslistakennslu á grunn- og framhaldsskólastigi, eins og aðalnámskrár skólastiganna kveða nú þegar á um, og hvernig sú starfsemi verði skipulögð, faglega og fjárhagslega.

Ábyrgð: Menningar- nýsköpunar og háskólaráðuneyti í samstarfi við Þjóðleikhús og Listaháskóla Íslands

Tímalína: 2027

Kostnaður: Verði metinn síðar

8. Sviðslistir eru sjálfbær og aðlaðandi starfsvettvangur

Sviðslistir eiga að vera vettvangur þar sem listafólk, tæknifólk, og aðrir starfa í öruggu og sanngjörnu starfsumhverfi. Þar skal ríkja jafnvægi á milli efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar sjálfbærni. Þannig verður tryggt að sviðslistir verði áfram aðlaðandi og lífvænlegur vettvangur í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni.

8.1 Greining á starfsumhverfi og nýtingu innviða

Greining á starfsumhverfi sviðslistafólks er fyrsta skrefið í átt að sjálfbærni. Henni þurfa að fylgja markvissar aðgerðir til að tryggja raunverulegar breytingar á kjörum, réttindum og efnahagslegum aðstæðum sviðslistafólks. Niðurstöður greininga verða grunnur aðgerðaáætlana til að bæta starfsumhverfi til framtíðar, auka fjármögnun og nýtingu innviða og skapa sanngjarnan og stöðugan vettvang fyrir sviðslistafólk.

8.1.1 Rannsókn á starfsumhverfi

Framkvæmd verði ítarleg rannsókn á starfsumhverfi sviðslistafólks með það að markmiði að kortleggja störf, greina kjör, réttindi og efnahagslega stöðu þeirra ásamt velferð og aðbúnaði þeirra sem starfa við sviðslistir. Slík greining er forsenda úrbóta en heimsfaraldurinn leiddi í ljós að sviðslistafólk stendur oft höllum fæti hvað réttindi varðar.

Ábyrgð: Menningar- og háskólaráðuneyti í samstarfi við Hagstofu Íslands og Rannsóknarsetur skapandi greina.

Tímalína: Frá 2028

Kostnaður: Verður metinn sérstaklega.

Mælikvarði: Skýrsla með niðurstöðum birt 2029.

8.1.2 Sérækt atvinnuþryggingakerfi fyrir listafólk verði skoðað innan ráðuneytis

Ráðuneyti skoði fýsileika innleiðingar á atvinnuþryggingakerfi fyrir sviðslistafólk sem og annað listafólk að erlendri fyrirmynd, t.a.m. Skuespiller- og danseralliansen í Noregi, í samræmi við svohljóðandi aðgerð Menningarsóknar: „Starfshópur geri heildarúttekt á stöðu sjálfstætt starfandi listamanna með tilliti til

atvinnuleysistrygginga, lífeyrissjóðsmála og annarra félagslegra þátta. Brýnt er að gera úttektina með hliðsjón af framkvæmd hinna Norðurlandanna.“

Ábyrgð: Menningar- og háskólaráðuneyti í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið og Bandalag íslenskra listamanna

Tímalína: Frá 2028

Kostnaður: Verður metinn sérstaklega.

8.1.3 Kortlagning á sviðslistaaðstöðu á landsbyggðinni

Framkvæmd verði heildstæð úttekt á sýningarrýmum fyrir sviðslistir utan höfuðborgarsvæðisins. Byggt verði á grunni nýútkomnar skýrslu sem unnin var á vegum Austurbrúar í samstarfi við landshlutasamtök um menningarhús á landsbyggðinni. Niðurstöður verði settar fram í aðgengilegum gagnagrunni sem styður við markmið Menningarsóknar um að styrkja innviði og efla menningarstarfsemi á landsvísu.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og Sviðslistamiðstöð Íslands í samstarfi við Austurbrú og landshlutasamtök

Tímalína: 2026-2027

Kostnaður: Verði metinn síðar

Mælikvarði: Handbók aðgengileg um rýmin

8.1.4 Mælaborð sviðslista á Íslandi mótað

Sett verði upp mælaborð sem tekur saman hagvísa sem varpa ljósi á umfang sviðslista. Safnað verði lykiltölum og upplýsingum um efnahagslegt gildi og samfélagslega þýðingu greinarinnar fyrir þjóðarhag.

Ábyrgð: Rannsóknarsetur skapandi greina, Hagstofa Íslands, Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti

Tímalína: Hefjist 2027

Kostnaður: Þarf að kostnaðarmeta, en fellur að aðgerðum í Menningarsókn.

9. Sviðslistir mæta fjölbreyttum áhorfendahópi jafnt innan lands sem utan

Sviðslistir gegna mikilvægu hlutverki í því að spegla og tengja samfélagið. Þær eiga að vera aðgengilegar öllum kynslóðum, óháð lífsskoðun, trú, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund, uppruna, húðlit, búsetu og fjárhagslegum eða félagslegum aðstæðum, svo að sem flest geti bæði tekið þátt og notið þeirra. Áhersla skal lögð á að bæta innviði, dreifingu og sýnileika sviðslista um allt land. Með því að efla miðlun og dreifingu sviðslista um landið, styðja við sýningarferðir innanlands og greina hvaða hópar nýta sér sviðslistir, og þar með hverjir ekki, verður unnið markvisst að því að skapa aðgengi fyrir alla landsmenn. Á alþjóðavettvangi geta íslenskar sviðslistir einnig átt sterka rödd og því er nauðsynlegt að stuðla að auknum sýnileika þeirra erlendis. Markmiðið er að sviðslistir á Íslandi verði bæði aðgengilegar um allt land og nái aukinni viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi.

9.1 Fjölbreyttur áhorfendahópur og inngilding

Sviðslistir hafa einstakan mátt til þess að stuðla að félagslegri samheldni. Til að sviðslistir nái til allra er mikilvægt að stofnanir nýti þann kraft sem þær búa yfir til að mæta fjölbreyttum áhorfendum. Aðeins með því að kortleggja hver taka þátt - og hver ekki - getum við tryggt að sviðslistir verði aðgengilegar öllum.

9.1.1 Áhorfendarannsóknir

Reglubundnar áhorfendarannsóknir verði framkvæmdar, í samræmi við Menningarsókn, til að kortleggja lýðfræðilega samsetningu þeirra hópa sem sækja sviðslistaviðburði og hvaða hópar það eru sem ekki er verið að ná til. Niðurstöður rannsókna verði nýttar til að tengja við nýja áhorfendahópa, auk stefnumótunar í áhorfendaþróun innan stofnana.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðuneyti

Tímalína: Undirbúningur 2026-27, fyrsta rannsókn 2028 og reglulega eftir það.

Kostnaður: Verður metinn sérstaklega.

9.1.2 Lýðfræðilegar upplýsingar um aðstandendur verkefna verði hluti af lokaskýrslu sviðslistahópa til Rannís og ársskýrslu stofnana.

Sviðslistahópar skili inn lýðfræðilegum upplýsingum um aðstandendur verkefna í lokaskýrslu vegna stuðnings úr Sviðslistasjóði. Sviðslistastofnanir skili inn sams konar upplýsingum um starfsfólk sem hluta af ársskýrslu, svo greina megi á ítarlegri hátt samsetningu og þróun aðstandenda og auðvelda stefnumótun stofnana og hópa sem starfa á vettvangi sviðslista.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og Rannís

Tímalína: 2028

Kostnaður: Óverulegur

Mælikvarði: Aðgengileg gögn um lýðfræðilega samsetningu frá og með 2026

9.1.3 Átaksverkefni í aðgengi og inngildingu

Menningarráðuneyti, í samstarfi við sviðslistastofnanir, standi að markvissu átaki sem miði að því að auka aðgengi fjölbreyttra hópa að sviðslistum á grundvelli áhorfendarannsókna og lýðfræðigreininga þeirra sem starfa á vettvangi sviðslista. Ráðstefna verði haldin með aðkomu sérfræðinga þar sem staðan er metin og næstu skref ákveðin.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti í samstarfi við Sviðslistamiðstöð.

Tímalína: 2029

Kostnaður: Verði metinn síðar

Mælikvarði: Lýðfræðigreiningar á aðstandendum og áhorfendahópum fyrir og eftir átak.

9.1.4 Ferðasjóður styðji við dreifingu íslenskra sviðslista innanlands

Nýr ferðasjóður verði stofnaður á vegum Sviðslistamiðstöðvar Íslands sem styður sviðslistahópa og listafólk til að ferðast með sýningar innanlands, sérstaklega á svæðum sem eru fjarri höfuðborgarsvæðinu. Þetta eykur hreyfanleika og stuðlar að jafnvægi í framboði sviðslista um landið. Sérstök áhersla verði lögð á sjálfbærni og græn skref í skipulagningu ferða.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og Sviðslistamiðstöð Íslands

Tímalína: Frá 2027

Kostnaður: 3 milljónir kr. 2027-2028, 2 milljón króna til viðbótar 2028-30.

9.2 Sviðslistir á alþjóðavettvangi

Alþjóðlegur sýnileiki íslenskra sviðslista skapar ný tækifæri og dregur að nýja áhorfendur. Alþjóðlegt sýningarhald lengir líftíma sviðsverka, skapar útflutningstekjur og opnar dyr fyrir alþjóðlega samvinnu. Sviðslistamiðstöð gegnir lykilhlutverki í kynningu á íslenskum sviðslistum og heldur utan um ferðastyrki til sýningaferða á alþjóðlegum viðburðum.

9.2.1 Ferðastyrkir og alþjóðleg kynning sviðslista

Markvisst kynningarstarf verði eftt í samstarfi við Íslandsstofu og utanríkisþjónustuna með áherslu á að styrkja tengslanet og kynna íslenskar sviðslistir erlendis. Lögð verði áhersla á að lágmarka umhverfisáhrif samhliða því að hámarka samfélagsleg áhrif.

Ábyrgð: Sviðslistamiðstöð í samstarfi við Íslandsstofu og utanríkisþjónustuna

Tímalína: frá 2028

Kostnaður: 5 milljónir kr. til viðbótar við núverandi rekstrarstuðning miðstöðvar

